

**Fundargerð 470. fundar Framkvæmdanefndar búvörusamninga haldinn 18. júní 2025
kl. 13:00 á Teams.**

Þessir tóku þátt í fundinum:

Sigurður Eyþórsson, formaður nefndarinnar og sérfræðingur á skrifstofu landgæða og dýraheilsu í atvinnuvegaráðuneytinu (ATRN), Bryndís Eiríksdóttir, nefndarmaður og sérfræðingur á skrifstofu landgæða og dýraheilsu í ATRN, Rafn Bergsson, nefndarmaður og formaður deildar nautgripabænda innan BÍ, Hrefna Rós Matthíasdóttir nefndarmaður og sérfræðingur í fjármálaráðuneytinu, Axel Sæland nefndarmaður og formaður deildar garðyrkjubænda innan BÍ og Herdís Magna Gunnarsdóttir, nefndarmaður og varaformaður BÍ. Fundargerð ritaði Kristín Sigfúsdóttir, stjórnarráðsfulltrúi ATRN.

Þetta var gert:

1. Fundargerð síðasta fundar.

Fundargerð 469 hefur þegar verið samþykkt af nefndinni og birt á vef atvinnuvegaráðuneytisins.

2. Erindi frá Bændasamtökum Íslands; Ráðstöfun eftirstöðva framleiðslujafnvægisliðar samnings um starfsskilyrði nautgriparæktar 2025.

Samkvæmt reglugerð um stuðning við nautgriparækt er ráðstafað framlögum til framleiðslujafnvægis. Fjárveiting fyrir árið 2025 er alls kr. 138.165.891. Ráðstafað hefur verið 84 milljónum sbr. fundargerð 469, eftirstöðvar eru um kr. 54 milljónir króna.

Tillaga Bændasamtaka Íslands er að ráðstafa upphæðinni yfir á 9. gr. samnings um starfsskilyrði nautgriparæktar kr. 54.165.891, þ.e.a.s. greiðslur vegna nautakjötsframleiðslu á sláturálag. Samþykkt var að heildarupphæð sé jafnt skipt ársfjórðungslega, þ.e. 13.541.473 á hvert tímabil.

Tillaga samþykkt samhljóða

Fleira ekki tekið fyrir og fundi lokið 13.10.